

Sp.

67. Tillaga til þingsályktunar

um endurbætur á öldubrjótnum í Bolungavík.

Flm.: Jón A. Jónsson.

Sameinað Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta, þegar á komandi sumri, framkvæma varanlega viðgerð á skemmdum þeim, sem urðu á öldubrjótnum í Bolungavík á liðnu hausti, og heimilar fjárframlög úr rikissjóði í því skyni.

Greinargerð.

Síðasta þing fól ríkisstjórninni, með þingsályktun, að láta rannsaka, á hvern hátt hentast væri að endurbæta skemmdir þær, sem urðu á öldubrjótnum í stórvíðrinu 26.—27. október síðastliðinn. Þessi rannsókn hefir ennþá ekki verið framkvæmd. Hinsvegar er öllum, sem til þekkja, ljóst, að þetta dýra og breppshúum lifsnauðsynlega mannvirki eyðileggst algerlega, ef það verður ekki endurbætt á komandi sumri. Heimild til fjárveitingar í þessu skyni er ekki í fjárlögum yfirstandandi árs, og þess vegna er þessi tillaga borin fram. Ég get ekki lagt fram kostnaðaráætlun, en að sjálfsögðu verður framkvæmd verksins falin vitamála-skrifstofunni.

Það mun í ráði, að þingstörfum verði frestað eftir nokkurn tíma, og þarf að fá útgjaldaheimild áður en þingfrestun kemur til framkvæmda, svo hægt verði að vinna að endurbótum á öldubrjótnum á komandi sumri.